

31. október 2019

Bókun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar vegna samgönguáætlunar.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna Fimm ára aðgerðaráætlunar og Fimmtán ára samgönguáætlunar sem nú eru í Samráðsgátt stjórnvalda. Fyrir það fyrsta þá mótmælir bæjarstjórn Fjarðabyggðar því að framkvæmdir við Suðurfjarðaveg, Þjóðveg 1 milli Reyðarfjarðar og Breiðdals, séu settar á á þriðja framkvæmdatímabil 2030-2034. Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa margoft bent á þá miklu þörf að bæta umferðaröryggi á þessum vegi enda eru margir kaflar hans mjög hættulegir samkvæmt alþjóðlegum umferðarstöðlum. Sérstaklega er þörf á endurbótum í sunnanverðum Fáskrúðsfirði ásamt botni Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar þar sem eru þrjár einbreiðar brýr. Með sameiningu Fjarðabyggðar er Suðurfjarðarvegur einnig orðinn Þjóðvegur í þéttbýli sem um fer mjög mikil umferð fólksflutningabifreiða vegna atvinnu- og skólasóknar, vöruflutningar með afurðir tengdir sjávarútvegi og laxeldi sem eru hluti af grunnatvinnuvegum fjórðungsins ásamt einkabifreiðum sem hefur fjölgað mjög í takt við ferðamennsku. Því þolir það enga bið að áður nefndir kaflar verði lagfærðir og slíkt verður að vera fyrr á ferð en nú er ætlað.

Þá ítrekar bæjarstjórn Fjarðabyggðar að nauðsynlegt er að ráðast í rannsóknir á hringtengingu með jarðgöngum á Austurlandi strax á næsta ári og þeir kostir sem nú eru nefndir í skýrslu starfshóps um Seyðisfjarðargöng verði rannsakaðir samhliða til að flýta þeim framkvæmdum eins og kostur er. Ljóst er að hringtenging samfélagsins á Austurlandi er sá kostur sem mun skipta sköpum í framtíð byggðar á Austurlandi og því mikilvægt að þær framkvæmdir komist sem fyrst á stað.

Þá vekur það nokkra athygli að í Fimmtán ára áætluninni þar sem taldar eru upp ferjuleiðir sem eru hluti af grunnnetinu er ekki talin upp Mjóafjarðarferjan. Vonar bæjarstjórn að þetta sé vísbending um samgöngumál Mjóafjarðar verði leyst með öðrum hætti, er líður á tímabil samgönguáætlunar, en af sjó stærstan hluta ársins. En sé svo ekki þá verði þetta lagað þar sem landsamgöngur við Mjóafjörð eru ófærar lungann af árinu og þrátt fyrir að íbúum þar hafi fækkað þá eiga þeir skýlausan rétt á slíkum grunnþörfum eins og samgöngur eru.

Einnig leggur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þunga áherslu á að Norðfjarðarflugvöllur komi inn í Samgönguáætlun sem sjúkraflugvöllur eins og hann er í dag vegna staðsetningar sinnar við Umdæmissjúkrahús Austurlands á Norðfirði. Bæjaryfirvöld og fyrirtæki á staðnum fjármögnuðu endurbætur á flugvöllinum til helminga á móti ríkisvaldinu fyrir nokkrum árum til að hann stæðist lendingarkröfur sem sjúkraflugvöllur og til að ljúka því að hann geti sinnt því hlutverki með sóma þarf að koma til uppsetning nýrra lendingarljósa. Það er því krafa sveitarfélagsins að til þeirrar framkvæmdar komi fé á fimm ára aðgerðaráætluninni enda yrði slíkt bæði til mikillar styrkingar við sjúkrahúspjónustu á Austurlandi ásamt sparnaði í sjúkraflutningum innan svæðisins.

Einnig vill bæjarstjórn Fjarðabyggðar vekja athygli samgönguyfirvalda, í tengslum við hugmyndir um veggjöld í jarðgöngum, að íbúar Fjarðabyggðar í suðurhluta sveitarfélagsins þurfa að fara í gegnum tvönn jarðgöng, Fáskrúðsfjarðargöng og Norðfjarðargöng, er þeir sækja sjúkrahúspjónustu og framhaldskóla á Norðfirði svo eitthvað sé nefnt. Fjarðabyggð er eitt atvinnu- og þjónustusvæði og slík gjaldtaka er því aukaskattlagning á íbúa þess sveitarfélags og við það getur bæjarstjórn Fjarðabyggðar illa unað. En verði ákvörðun um slíka gjaldtöku að veruleika er nauðsynlegt að menn sjái þess merki að hún skili sér í auknum samgöngubótum í sveitarfélaginu í nútíð en ekki í langri framtíð.